



Frétt nr. 3/2025

20.3.2025

Leiðandi hagvísir Analytica – Margar jákvæðar vísbendingar en mikil óvissa


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði í febrúar sjötta mánuðinn í röð. Miðað við staðlaða mælikvarða þá er nú um að ræða marktæka vísbendingu um bjartari horfur.

Fimm af sex undirliðum hækka frá í janúar. Þróun væntingavísitölu Gallup og aukning aflamagns hafa mest að segja á jákvæðu hliðinni. Þá virðist vöruinnflutningur að glæðast sem og debetkortavelta innanlands. Umtalsverð óvissa er áfram tengd þróun alþjóða-stjórn mála sem og óvissa í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um vendipunkta í efnahagssumsvifum að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagssumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 2 má sjá þróun innlenda debetkortaveltu í verslun innanlands, árstíðaleiðréttá og jafnaða á föstu verði fyrir tímabilið 2007-2025. Um er að ræða einn af undirþáttum leiðandi hagvísisins en reynslan sýnir að hér er um fremur tímanlega vísbendingu að ræða. Vendipunktur í debetkortaveltu hafa tilhneigingu til að birtast fyrr en í samsettum leiðandi hagvísi en með meiri óreglu.

Dökkblái ferillinn á mynd 2 sýnir frávik debetkortaveltu frá langtímaleitni en brúni ferillinn prósentubreytingu frá fyrra ári. Skörp minnkun innlendrar kortaveltu innanlands að raungildi virðist í rénun m.v. fyrra ár og debetkortavelta mæld sem frávik frá langtímaleitni þokast uppávið í febrúar.

Mynd 2. Debetkortavelta – Frávik frá langtímaleitni og %breyting f.f.á.

Árstíðaleiðrétt og jöfnuð á föstu verði



Sömu ferlar og birtir eru á mynd 2 eru einnig sýndir á myndum V1 og V2 í viðauka en tilgangurinn með mynd 2 er að draga fram þá þróun sem þar birtist.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í febrúar lækka fjórir af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í janúar hækka hins vegar fimm af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.¹

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

¹ Gildin á mynd V2 eru nú sýnd á sk. stöðluðu formi, þar sem stærðir eru stilltar á meðaltal=0 og staðalfrávik=1.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar í febrúar og tekur gildið 99,7, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í ágúst 2025.

Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2024-2025







	Vísitala	Breyting (%)		Vísbend- ing fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2024				
febrúar	98.9	-0.3%	-3.5%	ágúst
mars	98.7	-0.3%	-3.9%	sept.
apríl	98.3	-0.3%	-3.8%	okt.
maí	98.1	-0.3%	-3.6%	nóv.
júní	97.8	-0.3%	-3.5%	des.
júlí	97.6	-0.2%	-3.5%	jan. 2025
ágúst	97.6	0.0%	-3.4%	feb.
september	97.8	0.2%	-3.2%	mars
október	98.1	0.3%	-2.4%	apríl
nóvember	98.5	0.4%	-1.5%	maí
desember	98.9	0.4%	-0.7%	júní
2025				
janúar	99.3	0.4%	0.1%	júlí
febrúar	99.7	0.4%	0.8%	ágúst

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir mars er áætluð þann 23/4 2025.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 – Leiðandi hagvísir Analytica – einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári *



* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Skýringar:


Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi. Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar. Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Mynd V2 – Leiðandi hagvísir Analytica – einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni



Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfirmi á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá CMT Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfavíðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>